

Lög

um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006 (verkefni erlendis).

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þá er Landhelgisgæslunni heimilt að fengnu samþykki ráðherra að taka þátt í samstarfsverkefni erlendis, enda verði slíkt verkefni ekki það umsvifamikið að stofnunin fái ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum. Landhelgisgæslan gerir ráðherra grein fyrir verkefninu og umfangi þess ásamt hættumati.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 8. desember 2015.